

**BORGARRÁÐ 7. apríl 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðstoð til lágtekjuhópa vegna verðbólgu - MSS22040103**

Verðbólga mælist nú 6,7 prósent og hefur ekki verið meiri í áratug. Þessa verðbólgu má að mestu leiti rekja til framboðsskorts á húsnæði. Þetta hefur leitt til þess að nýlega hækkuðu stýrivextir úr 2 í 2,75%. Þetta þýðir að róður ákveðinna hópa mun þyngjast verulega. Að óbreyttu munu mánaðarlegar afborganir hækka um tugi þúsunda hjá þeim sem nýlega eru komnir á fasteignamarkaðinn. Námsmenn og láglaunafólk mun lenda í vanda sérstaklega þeir sem tekið hafa óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum. Undanfarin ár hefur sárvantað aukið framboð á hagkvæmu húsnæði í Reykjavík og ekki er útlit fyrir breytingar á næstunni ef þessi borgarmeirihluti heldur áfram. Verðbólgan bitnar ávallt verst á þeim sem hafa minnst milli handanna. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort og hvernig Reykjavíkurborg ætlar að bregðast við þessu? Ætlar Reykjavíkurborg að samþykkja að grípa til einhverra sértækra aðgerða til að hjálpa þeim sem berjast í bökkum að halda húsnæði sínu til að þrauka þangað til að aðstæður skána? Ætlar Reykjavíkurborg að samþykkja að auka fjárheimildir til að auka stuðning við þá sem eru á leigumarkaði en þar er fólk að greiða allt að fjórðung tekna sinna í leigu? Mun Reykjavíkurborg samþykkja að skoða hvort ákveða þurfi sértækar aðgerðir til að hlaupa undir bagga með barnafjölskyldum sem eru með tekjur undir 442.324 kr. á mánuði (þ.e. 5.307.888 kr. á ári) t.d. með gjaldfrjálsum skólamáltíðum og gjaldfrjálsum frístundaheimili?